

Reykjavík
3.september 2020

Sumarskýrsla Atvinnumáladeildar Hins Hússins



Ráðning sumarliða til íþróttá- og æskulýðsfélaga í Reykjavík

Innan ramma ÍTR er ákveðin fjárveiting ætluð atvinnumálum ungs fólks og er henni ætlað að fjölga sumarstörfum fyrir reykvísk ungmenni og styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði sem og að styðja við sumarnámskeið íþróttá- og æskulýðsfélaga í Reykjavík í formi starfsfólks. Í ár var alls 221 sumarliði ráðinn til íþróttá- og æskulýðsfélaga. Þar af voru 58 einstaklingar ráðnir með sérstöku fjármagni ætluðu 17 ára aldurshópnum og 23 ungmenni ráðin með sérstöku fjármagni ætluðu aldurshópnum 18 ára og eldri.

Ráðningar í þessu störf eru frábrugðnar ráðningum í almenn sumarstörf á þann hátt að félögin sækja um úthlutun sumarliða og er úthlutað af þessu fasta fjármagni. Í byrjun febrúar á þessu ári gafst félögum kostur á að sækja um úthlutun sumarliða í gegnum umsóknarform á netinu. Lokað var fyrir umsóknir þann 28. febrúar og umsækjendum var svarað þann 4. mars. Í ár bárust umsóknir frá 31 félagi. Nefnd sem skipuð er fulltrúum ÍTR fór yfir umsóknir og mat þær, m.a. eftir umfangi verkefna, samfélagslegra áhrifa og hugsanlegra afleiddra starfa.

Ráðningarferlið

Félögin ákveða sjálf hverja þau ráða og senda tilnefningar um starfsfólk til atvinnuráðgjafa Hins hússins þegar búið er að ákveða úthlutun. ÍTR setur þó þau skilyrði að þeir sem ráðnir eru hafi lögheimili í Reykjavík, gegni ekki öðru starfi hjá borginni, séu með hreint sakavottorð í samræmi við æskulýðslög og að lokum að viðkomandi eigi inni umsókn um sumarstarf hjá Reykjavíkurborg.

Félögin senda nöfn þeirra sem á að ráða og ráðningartímabil til atvinnuráðgjafa Hins hússins. Mörg félög breyta ráðningartíma og stytta til að ráða fleiri en stöðugildin segja til um og er það í verkahring atvinnuráðgjafa að halda utan um það svo ráðningartími og fjármunir fari ekki fram úr áætlun. Að auki útbúa atvinnuráðgjafar Hins hússins alla ráðningarsamninga og boða sumarliða til undirskriftar. Þegar sumarliðar komu til undirskriftar fengu þeir upplýsingar um starfskjör, starfstímabil og vinnutilhögun ásamt leiðbeiningum um að skila upplýsingum um nýtingu rafræns persónuafsláttar. Brýnt var fyrir sumarliðunum að samningurinn er gerður milli viðkomandi starfsmanns og Reykjavíkurborgar, og laun greidd samkvæmt samkomulagi borgarinnar við Sameyki, þó að verkstjórnarvald sé í höndum hvers félags fyrir sig. Einnig voru allir sumarliðar fengnir til að skrifa undir heimild til upplýsingaöflunar úr sakaskrá, samkvæmt æskulýðslögum.

Umsóknar- og ráðningarferlið gekk vel fyrir sig og voru félögin ánægð með það viðbótarfjármagn sem kom í maí. Félögin hafa kallað eftir auknu fjármagni til ráðningar sumarliða undanfarin ár og mikilvægt er að skoða í fjárhagsáætlunargerð hvort hægt sé að koma til móts við félögin en fjármagnið í þessu verkefni hefur staðið í stað í þónokkur ár.


Tæknileg atriði varðandi 50skills

Á heildina litið var reynsla Atvinnumáladeildar af 50skills jákvæð, sérstaklega í ljósi þess að í ár var deildin að nota kerfið í fyrsta skipti fyrir sumarliðastörfin. Þar stóð helst upp úr að kerfið var notendavænt og því nokkuð auðvelt fyrir ráðningaraðila að nýta sér það, jafnvel fyrir þá sem hafa takmarkaða reynslu af notkun slíkra kerfa. Dæmi um það er *Applicants* flipinn, sem gerir það mjög fljótlegt að finna umsækjendur, og *Export* möguleikinn sem gerir kleift að raða umsækjendum eftir flokkum eða öðrum jöfnum sem auðveldar úrvinnslu tölfræði. Þó þarf að hafa í huga hvaða tölfræði er ætlunin að skoða **áður** en auglýsing er sett inn svo hægt sé að setja inn viðeigandi spurningar í umsóknarferlið. Eftir á að hyggja hefði t.d. sparað tíma að biðja umsækjendurna um að tilgreina aldur sinn í umsóknunum en ekki bara kennitölu til að komast hjá því að starfsmenn Atvinnumáladeildar þyrftu að færa inn aldur hjá öllum umsækjendum til að fá heildartölur á aldurssamsetningu umsækjenda.

Auðvitað er 50skills ekki gallalaust og það vantar ákveðna eiginleika sem reyndari ráðningaraðilar gætu nýtt sér til að vera skilvirkari í öðrum verkefnum. Fyrir þetta sumarliðaverkefni uppfyllir 50skills hins vegar allar þarfir Atvinnumáladeildar þar sem umsóknarferlið er í raun formsatriði og ráðningarferlið sjálft fer fram í gegnum félögin eins og kom fram áðan.

Tölfræði


Tafla sem sýnir aldursskiptingu umsækjenda.



*Ath. að það eru ekki til upplýsingar um þau ungmenni sem sóttu bara um hjá félögunum og fengu ekki starf, sem var þónokkur fjöldi.

Samtals sóttu 268 ungmenni um í 50 skills (156 kk. og 112 kvk.). Af þeim fengu 143 einstaklingar starf hjá félögunum en 125 einstaklingar voru ekki ráðnir.

Tafla sem sýnir aldursskiptingu sumarliða.



Tafla sem sýnir fjölda sumarliða sem ráðinn var hjá hverju félagi (skv. upprunalegu úthlutuninni).

Félag	Fjöldi stöðugilda	Heildar fjöldi vikna
Ármann	5	40
Brokey	3	24
Fjölur	8	62
Fram	10	74
Frisbíggófélag RVK	1	8
Fylkir	6	48
GR	2	16
Gufunesbær	2	16
Hafna- og mjúkboltafélagið		
Hnefaleikafélagið Æsir	1	8
ÍBR		
ÍR	6	44
Jaðar	1	8
KFUM	2	16
Klifurfélag RVK	1	8
KR	7	52
KSÍ	4	32
Leiknir	4	32
Leynileikhúsið	3	18
LSR	2	12
Ólympíufarar	10	60
Reiðskóli RVK	2	14
Skátarnir	18	144
Skylmingafélagið	2	16
Stelpur Rokka	2	12
TBR	3	24
UMFK	2	16
Valur	5	40
Víkingur	5	36
Víkingur - tennisdeild	1	6
Þróttur	5	40
Ægir	2	12
Heildarfjöldi	125	938

Tafla sem sýnir viðbótarsumarliða hjá hverju félagi (17 ára og 18+).

Félag	17 ára viðbót	18+ ára viðbót
Ármann	2	1
Brokey		
Fjölur	5	1
Fram	4	1
Frisbígolffélag RVK		1
Fylkir	4	1
GR	2	4
Gufunesbær		
Hafna- og mjúkboltafélagið		1
Hnefaleikafélagið Æsir		
ÍBR		2
ÍR	4	1
Jaðar		1
KFUM	1	
Klifurfélag RVK		
KR	4	1
KSÍ		
Leiknir	3	1
Leynileikhúsið	1	
LSR		1
Ólympíufarar		
Reiðskóli RVK	2	
Skátarnir	13	2
Skylmingafélagið		
Stelpur Rokka		
TBR	2	3
UMFK		
Valur	3	1
Víkingur	2	1
Víkingur - tennisdeild		
Þróttur	5	
Ægir	1	
Heildarfjöldi	58	24

Sumarverkefni Atvinnumáladeildar Hins hússins.



Tvö 17 ára ungmenni, Davíð og Fanney, voru ráðin til að taka þátt í sumarverkefni Atvinnumáladeildar sem stóð yfir í 6 vikur (6. júlí-16. ágúst) undir handleiðslu starfsfólks Atvinnumáladeildar Hins Hússins. Hlutverk sumarhópsins var tvíþætt:

- Að búa til og uppfæra fræðslu- og kynningarefni sem Atvinnumáladeildin notar.
- Að stuðla að meiri sýnileika Atvinnumáladeildar Hins Hússins.

Með þessu sumarverkefni vildi Hitt Húsið leggja sitt af mörkum við að styðja við unga sumarstarfsmenn Reykjavíkurborgar sem eru oft og tíðum að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Mikilvægt er í ljósi aukins atvinnuleysis í samfélaginu að ungt fólk sé meðvitað um að það geti sótt sér ráðgjöf og aðstoð við atvinnuleit í Hinu Húsinu. Þetta verkefni stuðlaði einnig að því að vekja ungt fólk til umhugsunar um mikilvæg málefni tengd vinnumarkaðnum og atvinnuþátttöku. Hitt Húsið hefur nú þegar fjölbreytt fræðslu- og kynningarefni í boði en það er hægt að gera betur í framsetningu til að ná betur til markhópsins. Því álitu starfsmenn Atvinnumáladeildar að tilvalið væri að fá ungmenni í þetta verkefni sem gætu komið með nýjar hugmyndir sem höfðu betur til jafnaldra þeirra. Lagt var upp með að gefa þeim mikið frjálrsræði til að koma þessum hugmyndum sínum í framkvæmd og sjá svo hvert það leiddi.


Í fyrstu vikunni kynntu sumarstarfsmennirnir sér Hitt Húsið, starfsemi Atvinnumáladeildar og hvaða fræðsluefni var þegar til (þá sérstaklega greinarnar á [Áttavitanum](#)). Þeir fóru einnig að heimsækja ungmenni við vinnu í miðbænum og framkvæmdu stutta könnun til að fá betri tilfinningu fyrir því hvaða málefnum þyrfti að skerpa á hjá ungu fólki. Spurningarnar sem sumarstarfsmenn spurðu viðmælendur voru m.a. á þá leið hvort það hefði verið erfitt fyrir viðkomandi að fá vinnu í sumar, hvort viðmælendur vissu hvað Hitt Húsið væri og hvort viðmælendur þekktu ýmis lykilhugtök sem tengjast atvinnuþátttöku. Vissulega ekki vísindaleg könnun en samt sem áður hjálpaði það starfsmönnum að

skipuleggja næstu skref og hvernig þeir vildu vinna þetta verkefni. Niðurstöðurnar má finna í línuritinu á næstu síðu (ath. þeir bjuggu sjálfir til lógóið). Á meðan þeir gerðu könnunina tóku þeir líka myndir af ungu fólki við störf til að nota sem markaðsefni. Hægt er að sjá brot af bestu myndunum með því að fylgja tenglinum:

<https://drive.google.com/drive/folders/166oXtM9MvImdpYN02ACnYFeyOzYHKEE2?usp=sharing>

Síðasti liðurinn í undirbúningum var að uppfæra og endurhanna bækling fyrir Atvinnumáladeildina. Bæklingurinn inniheldur nokkur praktísk atriði tengd atvinnumálum og atvinnuleit sem hægt verður að gefa áhugasömum aðilum (sjá dæmi á næstu blaðsíðu).

Línurit sem sýnir niðurstöður úr óformlegu könnun sumarstarfsmannanna.



ATVINNUMÁL HINS HÚSSINS



Brot úr bæklingnum. Ekki endanleg útgáfa.

GÓÐ RÁÐ Í ATVINNULEIT

Atvinnuástoð Hins Hússins leitast við að aðstoða ungt fólk (16 - 25 ára) við atvinnuleit. Til þess höfum við hin ýmsu ráð og leiðir. Hægt er að skrá sig hjá okkur og við reynum að finna starf fyrir þig hjá Reykjavíkurborg. Bæði er hægt að skrá sig með því að koma í Hitt Húsið, á Rafstöðvarveg 7-9 en það er líka hægt að gera það með því að hringja í okkur í síma 441-5500 og/ eða sent okkur tölvupóst á netfangið atvinnumat@hitthusid.is. Þú getur síðan lesið þig betur til um Atvinnuástoð Hins Hússins á <https://hitthusid.is/atvinnumat/>.

Þessi ráð fyrir ofan gilda líka ef þú þarft á fleiri upplýsingum að halda og vilt biðja um skjal með góðum ráðum í atvinnuleitinni. Við getum hjálpað þér með ferilskrá og yfirlit yfir ráðningarmiðlanir á höfuðborgarsvæðinu. Þessar upplýsingar er einnig hægt að finna á hitthusid.is og attavitinn.is.

Atvinnuástoð Hins Hússins getur einnig gefið þér upplýsingar um hvar hægt er að leita að vinnu erlendis og veitt þér ráðgjöf í heim efnum.

Við erum alltaf þaðin og búin til þess að svara fyrirspurnum og hvetjum við þig til þess að vera áhrædd/ur við að hafa samband eða líta við hjá okkur.

NÝR STARFSMAÐUR

Mikilvægt er að þegar þú byrjar í nýju starfi að þú fái góða kynningu á vinnustaðnum. Hverskonar þjónustu og/ eða framleiðslu stendur fyrirtækið yfir? Hver eru leiðarljós þess og hvernig lítur skipulagið út o.s.frv. Er sérstök starfsmannastofna fyrir fyrirtækið? Eftirfarandi punkta er einnig nauðsynlegt að hafa í huga þegar þú hefur störf á nýjum vinnustað.

- Farðu yfir vinnutímann og hvernig þú átt að skrá viðveru þína á vinnustaðnum
- Farðu yfir launaseðlinn þinn og vertu viss um að þú skilgir hann
- Kynntu þér hver er trúnaðarmaður á vinnustaðnum og hvaða stéttarfélagi þú tilheyrir
- Farðu yfir hvernig þú átt að láta vita af því ef þú forfallast í vinnunni t.d. ert veik/ur
- Kynntu þér hvenær eru kaffi- og matartímar og hversu langir þeir eru

Þessi atriði eiga að koma fram á launaseðlinum þínum:


- Nafn þitt og kennitala
- Nafn fyrirtækis og kennitala
- Launatímabil
- Tæxti (dagvinna, yfirvinna, bónus)
- Fjöldi vinnustunda
- Orlof
- Lífeyrissjóður
- Viðbæturlífeyrissjóður
- Opinber gjöld
- Persónuafsláttur
- Félagsgjöld
- Samtals laun
- Samtals frádráttur
- Utborguð laun

RAFRÆNN PERSÓNUAFSLÁTTUR

Rafrænn persónuafsláttur tók gildi árið 2016 og kemur í staðinn fyrir skattkort.

Þú getur nálgast upplýsinga um persónuafsláttinn þinn með því að skrá þig inn á Skatturinn (<https://www.rsk.is> > Þjónustuvefur) og þar getur þú einnig fundið pdf skjal með öllum þeim upplýsingum sem geta þér kleypt að geta nýtt hann þegar þú byrjar að vinna. Það má safna persónuafslætti á milli mánaða og nýta síðar en eftir hvert ár þá tellur uppsafnaður persónuafsláttur niður ef hann er ekki nýttur.

Ytarlegri upplýsingar um persónuafslátt er hægt að finna á Áttavitanum: <https://attavitinn.is/fjormal/laun-og-skattur/rafrann-personuafslattur/>



RÁÐNINGARFERLI

1#
STARFIS AUGLÝST

2#
ÁHUGASÖMUM VEITTA
UPPLÝSINGAR UM
STARFIÐ

3#
HÆFUSTU
UMSÆKJENDURNIR
BODADIR Í VIÐTÖL

ATVINNUREKANDI TEKUR VIÐTÖL VIÐ UMSÆKJENDUR

4#

5#
HAFT ER
SAMBAND VIÐ
MEÐMÆLENDUR


6#
ÖLLUM
UMSÆKJENDUM
SVARAD

Í kjölfarið hófust sumarstarfsmenn handa við að skipuleggja verkefnið sjálfir. Ákveðið var að velja nokkra umræðupunkta sem þeim fannst mikilvægast að kynna fyrir jafnöldrum sínum. Umræðupunktarnir sem um ræðir voru:

- Hvernig get ég fengið atvinnureynslu erlendis?
- Hvernig geri ég ferilskrá?
 - Canva
- Hvar sæki ég um störf?
- Hvernig vinn ég gegn kvíða í atvinnuleit?
 - Góð ráð í sambandi við frestunaráráttu.
- Hvernig geng ég frá starfslokum?
- Vinnutímar og laun unglinga.
- Að vinna svart – af hverju þú ert að gefa frá þér réttindi?

Sumarstarfsmennirnir bjuggu svo til kynningarefni um hvern umræðupunktur fyrir sig og reyndu af hafa framsetninguna sem áhugaverðasta. T.d. fóru þeir í heimsókn í Litlu kvíðameðferðarstöðina til að taka viðtal við sérfræðinga um hvernig sé hægt að takast á kvíða tengdan atvinnuleysi eða atvinnuleit. Annað dæmi er að þeir bjuggu til mjög sjónrænar leiðbeiningar um hvernig er hægt að nýta sér Canva (fritt hönnunarforrit) við gerðar ferilskrár. Allt þetta efni var sett inn á Áttavitann svo það sé aðgengilegt og líklegt að koma upp í leitarvélum.

Skjáskot af Instagram-síðunni



Til þess að koma þessum fróðleik betur á framfæri var ákveðið að hefjast handa við að búa til Instagram-síðu (@atvinnuadstod) fyrir Atvinnumáladeildina. Instagram-síðan samanstendur af sjónrænum örkyningum á hverju umræðuefni, með vísun í nánari upplýsingar í greinarnar á Áttavitanum ásamt því að hvetja fólk til að kynna sér fríu atvinnuráðgjöfina sem er í boði fyrir þennan aldurshóp í Hinu Húsinu. Markmiðið var einnig að reyna að gera Atvinnumáladeild Hins hússins sýnilegri hjá markhópnum og reyna þannig að ná til ungs fólks, t.a.m. í framhaldsskólum og víðar. Ákveðið var því að hanna plaköt (sjá næstu síðu) sem auglýsa fríu atvinnuráðgjöfina sem hægt verður að hengja upp, t.d. hjá náms- og starfsráðgjöfum í framhaldsskólunum.

Sumarverkefnið gekk vel og sýndu ungmennin frumkvæði við vinnu verkefnisins, sérstaklega þegar tillit er tekið til þess að þau eru aðeins 17 ára gömul. Það þarf að klára allan frágang áður en hægt er að nota efnið út á við en samt sem áður stendur töluvert eftir sem Atvinnumáladeildin getur nýtt í framtíðinni. Ungmennunum fannst sjálfum verkefnið „ganga mjög vel“ og voru ánægð með „að hafa fengið fjölbreytt verkefni“ og haft frelsi til „að skapa sjálf“. Það helsta sem þau nefndu að hefði betur mátt fara var „að gera fleiri verkefni þar sem væri farið úr húsinu og talað við ýmiskonar fólk“ sem er klárlega eitthvað sem er vert að skoða ef aftur gefst tækifæri til að ráða inn ungmenni yfir sumartímann.

Lagfærð útgáfa af plakatinu sem ungmennin bjuggu til

ADSTOD VIÐ ATVINNULEIT Í HINU HÚSINU



*Langar þig í ókeypis
atvinnuráðgjöf
hjá Hinu húsinu?*

PANTAÐU TÍMA HÉR

**ATVINNUMAL.HITTHUSID@REYKJAVIK.IS
HITTHUSID.IS**